

Eiríkur Jónsson  
Undirhlíð 3  
603 Akureyri

Reykjavík, 30. september 2021  
UST202106-363/P.V.B.  
09.07.01

### **Umsókn um leyfi til framkvæmda - frístundahús - Mývatn og Laxá**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Eiríks Jónssonar, dagsett 30. júní 2021, um leyfi til að setja upp frístundarhús í landi Haganess innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að sumarbústaðir, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja eru óheimil á verndarsvæðinu. Umhverfisstofnun getur þó veitt undanþágur frá ákvæði þessu vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar við bæi og vegna mannvirkja veiðifélaga og almennrar aðstöðu ferðamanna. Í 17. gr reglugerðarinnar kemur jafnframt fram að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að reisa 52 m<sup>2</sup> frístundarhús á einni hæð á landi Haganess við Mývatn. Afstöðumynd sem sýnir staðsetningu hússins og legu heimreiðar frá afleggjaranum að Haganesi fylgdi með umsókninni. Húsið verður flutt tilbúið á staðinn og sett niður á steypar súlur sem verða staðsteypar og bitar lagðir yfir sem húsið hvílir á. Rotþró verður staðsett innan lóðar. Lóðin sem húsið verður reist á er á gömlu túni sem ekki hefur verið nýtt til sláttar í nokkur ár. Ekki hefur verið gengið frá lóðarleigusamningi en gengið er út frá því að samningurinn tryggir að yfirráðaréttur yfir byggingunni færist ekki til annarra aðila en jarðeigandans að leigusamningstíma loknum.

#### ***Umsagnir:***

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn þann 6. júlí 2021 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 3. ágúst 2021. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að þótt framkvæmdin ein og sér sé ólíkleg til að hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif er um að ræða uppbyggingu með tilheyrandi auknum umsvifum á svæði þar sem umsvif eru frekar lítil í dag og náttúruminjar með afar hátt verndargildi allt um kring. Jörðin Haganess stendur á Laxárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. ákvæðum 61. greinar laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Þá er jörðin í þungamiðju hins alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðis sem Mývatn og Laxá er og við fyrirhugaða uppbyggingu eru m.a. mikilvæg varplönd húsandar og fleiri fuglategunda í næsta nágrenni. Allri aukningu á umsvifum þ.m.t. uppbyggingu húsa, fjölgun rotþróa og aukinni umferð fylgir því hætta á meira álagi fyrir viðkvæma náttúru svæðisins. Taka þurfi því varfærin skref og mikilvægt er að skýr stefna sé til framtíðar um hversu mikla uppbyggingu t.d. frístundahúsa á að leyfa

innan verndarsvæðisins. Umsögn Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst þann 29. september 2021. Náttúruvannsóknarstöðin gerir ekki athugasemdir við staðsetningu byggingar á þeim stað sem lýst er.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið eitt og sér ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins. Stærð hússins gerir það að verkum að það rúmar fáa aðila og umsvif tengd því þar af leiðandi ekki mikil til lengri tíma litið. Byggingareiturinn sem frístundahúsið myndi rísa á er staðsettur í Laxárhrauni á áður röskuðu svæði þar sem gróður og jarðvegur hylur hraunið. Verndargildi hraunsins hefur því minnkað verulega innan byggingarreitsins. Gróðurfar tekur mið af því að á svæðinu er gamalt tún sem ekki hefur verið nýtt til sláttar í einhvern tíma. Framkvæmdin getur haft tímabundin skammtímaáhrif á fuglalíf en stofnunin telur að hægt sé að draga úr þeim áhrifum með því að framkvæmdin fari fram utan varptíma, farið sé eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu, reglum um fráveitu og frágang verði fylgt og þess gætt að ekkert óþarfa rask verði á umhverfinu.

#### **Niðurstaða og skilyrði:**

Skv. 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu er óheimilt að byggja sumarbústaði, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja á verndarsvæðinu. Umhverfisstofnun getur þó veitt undanþágur frá ákvæði þessu vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar við bæi og vegna mannvirkja veiðifélaga og almennrar aðstöðu ferðamanna. Frístundahús það sem óskað er eftir heimild til að reisa í umsókn þessari mun verða staðsett á áður röskuðu landi í um 120 metra fjarlægð frá bæjarhúsum og nýta sömu heimreið frá þjóðveginum. Rask vegna framkvæmdarinnar verður því í lágmarki og framkvæmdin afturkræf þar sem möguleiki er á að fjarlægja húsið án mikils rasks verði notkun þess hætt.

- Umhverfisstofnun veitir Eiríki Jónssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu frístundarhúss í landi Haganess innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og skal hefja byggingu hússins innan árs frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Leyfið er veitt í samræmi við kröfur reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012. Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Ekki skal hefja framkvæmdir á tímabilinu 1. maí til 15. júlí.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis og því haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Framkvæmdaraðili skal óska eftir leyfi og leiðbeiningum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra fyrir uppsetningu hreinsivirkis fyrir fráveitu í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp sem gerir ráð fyrir tveggja þrepa hreinsun fyrir hús í dreifbýli. Umhverfisstofnun bendir á í ljósi verndar Mývatns að mögulegar eru umhverfissvænni lausnir en rotþró og siturlögn s.s. brennslusalerni.
- Starfsmenn verkefnisins gæti þess að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Vakin er athygli á því að bréf þetta felur ekki í sér leyfi til atvinnureksturs í húsinu.

Umhverfisstofnun bendir á að óheimilt er að rækta og dreifa framandi tegunum innan verndarsvæðisins sbr. 10 gr. reglugerðar nr 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála skv. 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum nr. 1300/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindarmála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
Sviðsstjóri

Arna Hjörleifsdóttir  
sérfræðingur